



Efni: Heimild til að þróa vef Ljósmyndasafns Reykjavíkur

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að þróa vef Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Verkefnið er framhald af gerð nýs vefsvæðis Borgarsögusafns Reykjavíkur sem birt var í upphafi árs. Í öðrum fasa verkefnisins er ætlunin að loka eldri vef Ljósmyndasafnsins og færa myndasafnið undir nýjan vef Borgarsögusafnsins þannig að allar stofnanir safnsins birtist á einu vefsvæði. Vefur Ljósmyndasafnsins er einn fjölsóttasti vefur borgarinnar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir verkefnaklasa nr. 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní til september 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 4 m.kr. sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Greinargerð:

Verkefnið er framhald af nýju vefsvæði Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem var birt í upphafi ársins. Í öðrum fasa verkefnisins er ætlunin að loka eldri vef Ljósmyndasafnsins og sameina myndasafnið undir nýjum vef Borgarsögusafnsins. Með þessu verða allar stofnanir safnsins aðgengilegar á einu og sama vefsvæðinu. Verkefnið felur í sér vefþróun, hönnun og forritun, og markmiðið er að skapa samræmda og notendavæna upplifun fyrir alla notendur.

Vefur Ljósmyndasafnsins er eitt fjölsóttasta vefsvæði borgarinnar. Með því að færa myndasafnið undir vef Borgarsögusafnsins, eykst vitund borgarbúa um að safnið sé hluti af starfsemi Borgarsögusafns. Nýi vefurinn bætir einnig ímynd safnsins, eykur aðgengi að myndasafninu og einfaldar bæði markaðssetningu og mörkun safnsins.

Verkefnið mun fækka sérvefum og auka veföryggi. Núverandi lausn er byggð á úreltri tækni sem gerir miðlun og fræðslu til borgarbúa erfiða og ónotendavæna.

Starfsfólk þarf nú að vinna í tveimur bakendakerfum, en með yfirfærslunni verður þekkingar- og upplýsingamiðlun skilvirkari, bæði innan safnsins og utan. Enn fremur verða uppfærslur framvegis gerðar á einum vef í stað margra, sem eykur öryggi og dregur úr kostnaði.

Borgarsögusafn starfar eftir menningarstefnu, menntastefnu, ferðamálastefnu mannréttindastefnu, og þjónustustefnu borgarinnar, sem og í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 4 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Reksturinn verður hluti af heildar rekstrarkostnaði Borgarsögusafnsins.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir verkefnaklasa nr. 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer er 252755.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur